



**Liður 9 í fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar á 50. Fundi 09.04.2026**

**9. Álit – vindorkuverk á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi – frá HMS.**

Tekið er fyrir álit Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar um matsáætlun vegna fyrirhugaðra vindorkuvera á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi. Nefndin leggur áherslu á að við vinnslu umhverfismatsskýrslu verði tekið tillit til sjónarmiða sveitarfélagsins, einkum varðandi áhrif á landslag, óbyggð víðerni, nærsamfélag og framtíðarnýtingu svæðisins. Jafnframt er lögð áhersla á virkt samráð við sveitarfélagið á áframhaldandi stigum málsins.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra (skipulagsráðgjafa Langanesbyggðar) er falið að fylgjast með framvindu málsins og upplýsa nefndina þegar frekari gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.